

**Ed.**

**811. Frumvarp til laga**

[205. mál]

um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt skal stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, báta og búnaðarvélar.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Drættir í þessu happdrætti skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því, að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla.

5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.